



Reglur um úthlutun styrkja til aðgerða gegn ofbeldi

1. gr.

Forsendur og markmið.

Stjórnvöld munu á árinu 2024 veita 35 m.kr. í styrki til verkefna sem miða eiga að því að tryggja þolendum og gerendum ofbeldis aðgengi að stuðningi og ráðgjöf. Styrkirnir eru einn liður í aðgerðum stjórnvalda til þess að bregðast við afleiðingum Covid-19 faraldursins.

2. gr.

Skipulag.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipar matsnefnd sem hefur það hlutverk að meta umsóknir og leggja fram tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Styrkir geta að hámarki numið 75% af áætluðum heildarkostnaði verkefnis.

3. gr.

Styrkir.

Styrkir eru veittir til verkefna sem miða að því að tryggja þolendum og gerendum ofbeldis um land allt aðgengi að stuðningi og ráðgjöf.

4. gr.

Umsóknir.

Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- Nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir málaflokkinn.
- Upplýsingar um þá aðila sem koma að verkefninu og verkaskipting.
- Staðfesting og undirrituð gögn frá samstarfsaðilum, ef við á.
- Fjárhagsáætlun, þar sem koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um.
- Tíma- og verkáætlun.
- Lýsing á því hvernig árangur verkefnisins verður metinn.
- Áætlun um kynningu niðurstaðna og sýnileika verkefnis.

Umsóknir sem berast eftir tilskilinn umsóknarfrest eru ekki teknar til umfjöllunar.

5. gr.

Úthlutun.

Matsnefnd gerir tillögu til ráðherra, um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna, sem tekur ákvörðun um styrkveitingar. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið fer með umsýslu styrkúthlutunar.

Heimilt er að binda styrkveitingar skilyrðum er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er.

Nöfn styrkþega, upplýsingar um verkefnin og styrkupphæðir verða birtar á vef ráðuneytisins.

6. gr.

Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun.

Styrkþegum er skylt að kynna félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu stöðu verkefnis. Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið, eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna ráðuneytinu árangur og niðurstöður með skriflegri skýrslu eða á annan hátt sem getið er um í styrksamkomulagi.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra og gilda einungis fyrir úthlutun styrkja til aðgerða gegn ofbeldi.

Reykjavík, 9. október 2024

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félags- og vinnumarkaðsráðherra

Gissur Pétursson